



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Lífríki botns á kalkþörungasvæði við Æðey og Kaldalón

Unnið fyrir Íslenska kalkþörungafélagið
v/mats á umhverfisáhrifum framkvæmda

Cristian Gallo

Mars 2016
NV nr. 10-16

ABSTRACT

Mining in two maerl bed sites in Ísafjarðardjúp has been proposed. Bottom survey was carried out with Shipek grab in 10 stations in July 2015. Results indicate a high biodiversity within these sites with at least 58 species of polychaeta, 33 species of mollusc, 16 species of arthropods and 5 of echinodermata. Species found worth to mention are within polychaeta *Nereimyra punctata*, *Sphaerodorum gracilis* and *Sphaerosyllis erinaceus*, within molluscs *Tectura virginea*, *Tonicella marmorea* and *Hiatella arctica*, the crustacean *Pagurus bernhardus* and the ophiuroid *Ophiopholis aculeata*. Shannon-Weaver diversity index and number of certain species in the study sites were compared with that found in other benthic sites in the Westfjords area. Protection value of the proposed sites could not be fully evaluated as background information on maerl beds in Icelandic water is lacking.

ÚTDRATTUR

Óskað hefur verið eftir leyfi til efnistöku á kalkpörungaseti á tveimur nálægum svæðum í Ísafjarðardjúpi. Athugun á botndýralífi var gerð í júlí 2015 þar sem teknar voru 10 stöðvar með Shipek greip. Niðurstöður þessarar athugunar benda til að mikill fjölbreytileiki sé á svæðunum. Þar eru a.m.k. 58 tegundir burstaorma, 33 tegundir lindýra, 16 tegundir liðdýra og 5 tegundir skrápdýra. Þær tegundir sem vert er að nefna eru: burstaormarnir *Nereimyra punctata*, *Sphaerodorum gracilis* og *Sphaerosyllis erinaceus*, lindýrin *Tectura virginea*, *Tonicella marmorea* og *Hiatella arctica*, krabbadýrið *Pagurus bernhardus* og slöngustjarnan *Ophiopholis aculeata*. Fjölbreytileika stuðullinn Shannon-Weaver ásamt fjölda ákveðinna tegunda á athugunar svæðinu voru bornir saman við það sem fannst á öðrum botnsvæðum á Vestfjörðum. Ekki var að fullu unnt að meta verndargildi áætlaðs námusvæðis vegna vöntunar upplýsinga um kalkpörungasvæði á Íslandi.

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	4
STAÐHÆTTIR	6
AÐFERÐIR.....	6
Sýnataka.....	6
Úrvinnsla	8
Mat á fjölbreytni og skyldleika	9
Samanburður við önnur svæði	10
NIÐURSTÖÐUR.....	11
Greiningar á þörungum	11
Greiningar á botndýralífi.....	11
Fjölbreytileiki og skyldleiki tegunda svæðisins	14
Fjölbreytileiki svæðisins og annarra svæða	16
SAMANTEKT	17
LOKAORÐ	20
ÞAKKIR.....	20
HEIMILDIR	21
VIÐAUKI I.....	25
VIÐAUKI II.....	28
VIÐAUKI III.....	32

INNGANGUR

Íslenska kalkþörungafélagið ehf. áformar að hefja vinnslu á kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi á Vestfjörðum. Efnistakan mun fara fram á grunnsævi, á minna en 20 m dýpi og fjarlægð hennar frá landi verður aldrei minni en 200 m. Efnistaka verður framkvæmd með dæluskipi og gæti tekið 4-6 vikur á ári. Botnseti og sjó er dælt í lest dæluskipsins og þegar lestin er orðin full gengur sjórinn út fyrir borðstokk skipsins og ber með sér fínkornaðasta hluta efnisins í sviflausn. Grófara efnið verður eftir í lestinni og er því landað í efnisgeymslu við fyrirhugaða verksmiðju. Stefnt er því að skipta efnistökusvæðum upp í reiti, u.þ.b. 500x500 m sem síðan verða dýpkaðir, einn af öðrum, niður í fyrirfram ákveðið dýpi. Dýpt efnistöku er háð þykkt kalkþörungasetisins, en gert er ráð fyrir því að það geti verið allt að 6 m þykkt á þeim svæðum sem til skoðunar eru (VSÓ Ráðgjöf 2015).

Kalkþörungar eða kóralþörungar eru kalkkenndir, hríslóttir rauðþörungar af ættinni Corallinaceae. Þörungarnir vaxa lausir á botni á grunnsævi þar sem nægilegt ljós er til ljóstillífunar. Þéttastir eru þeir á 9–15 m dýpi en vaxa þó niður á 30 m dýpi þar sem straua gætir nægilega mikið til að fínt set myndist ekki. Kalkþörungar vaxa ekki á fínkorna botni, sennilega vegna þess hve óstöðugur hann er (Adey 1970, 1971). Til eru margar tegundir kalkþörungna sem vaxa á ólíkum stöðum um heiminn. Á Íslandi vaxa þeir inni í fjörðum víða umhverfis landið. Sú tegund sem er ráðandi á Íslandi ber latneska heitið *Lithothamnium tophiforme* (Adey 1968, Karl Gunnarsson 1977). Þar sem þörungarnir hlaða stöðugt undir sig um leið og þeir vaxa geta þeir myndað allþykk setlög. Setlögin myndast á þúsundum ára vegna þess hve hægvaxta þörungarnir eru. Vegna þessa hæga vaxtar eru kalkþörungar og setlög þeirra ekki talin endurnýjanleg auðlind (Barbera o.fl. 2003, Karl Gunnarson 2015).

Vegna kræklóttar lögunnar sinnar geta kalkþörungar krækst saman og myndað margslungna grind sem er ákjósanlegt búsvæði fyrir margs konar botndýr og aðra þörungna á grunnsævi. Lífríki sem nýtir kalkþörungna sem búsvæði er fjölbreytilegt og takmarkaðar rannsóknir hér við land benda til þess að það sé sérstaklega fjölskrúðugt miðað við nærliggjandi sjávarbotn (Jón Jónasson o.fl. 2005). Þá geta kalkþörungasvæði nýst sem uppeldisstaðir fyrir nytjategundir bæði fiska, krabba og skeljar (Hall-Spencer o.fl. 2010). Vegna þessa falla kalkþörungasvæði undir alþjóðlega samninga um verndun fjölbreytileika svo sem samning SP um líffræðilega

fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, 5 June 1992). Ísland er einnig aðili að samningi um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins. Þessi samningur, sem oftast er kallaður OSPAR, á að tryggja að ekki verði gengið á líffræðilega fjölbreytni og þess gætt að framkvæmdir valdi ekki mengun sjávar. Kalkpörungar eru flokkaðir sem tegund í hættu samkvæmt viðauka V í OSPAR samningnum (Ospar Convention, 22 September 1992).

Kalkpörungasvæði hafa fundist inni á fjörðum við vestur-, norður- og austurland (Karl Gunnarsson 2015). Heildarstærð slíkra svæða við landið er hinsvegar ekki þekkt auk þess sem vistfræði slíkra svæða hefur lítið verið rannsökuð.

Íslenska kalkpörungafélagið ehf. sækir um leyfi til að nema allt að 120.000 m³ kalkpörungasetts á ári. Flatarmál áætlaðs efnistökusvæðis við Æðey er 584 ha en svæðið við Kaldalón er 352 ha. Samtals er flatarmál þessara svæða 936 ha eða 9.360.000 m² (VSÓ Ráðgjöf 2015).

Framkvæmdin er því matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.br. 5. gr., A flokki viðauka 1, lið 2.01; „Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m³ eða meira.“

Íslenska kalkpörungafélagið ehf. óskaði eftir því við Náttúrustofu Vestfjarða að stofan gerði athuganir á lífríki botns á fyrirhuguðum efnistökusvæðum. Athuginin er hluti af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í þessari athugun var skoðað hvaða tegundir voru á svæðinu, hver þéttleiki þeirra var og hver sérstaða tegundasamsetningar væri í samanburði við önnur svæði á Vestfjörðum. Með því var leitast við að meta verndargildi svæðisins og hvort lífríki í nágrenninu væri háð vistkerfinu á botni efnisvinnslusvæðanna. Þá verður einnig fjallað um hvort efnistaka, setmyndun og grugg hafi áhrif á annað lífríki.

STAÐHÆTTIR

Ísafjarðardjúp er stærsti fjörður Vestfjarða og með þeim stærri á landinu. Flatarmál þess að frádregnum innfjörðum er um 650 km² en sé innfjörðum bætt við er Ísafjarðardjúp um 786 km² að undanskildum Jökulfjörðum. Ísafjarðardjúp mjókkar smám saman eftir því sem innar dregur. Inn eftir Djúpinu, frá mynni þess, gengur 110-130 m djúpur áll en á grunnunum beggja vegna hans er 40-60 m dýpi. Suður úr Ísafjarðardjúpi ganga níu firðir en að norðanverðu er aðeins einn lítill fjörður, Kaldalón, og þar fyrir framan Lóndjúp. Þrjár stórar eyjar eru í Ísafjarðardjúpi, Vigur, Æðey og Borgarey. Æðey sem er stærst er staðsett norðan megin í Djúpinu rétt utan við Unaðsdal (Hafrannsóknarstofnun e.d.).

Kaldalón er á Náttúruminjaskrá m.a. vegna fjara og grunnsævis sunnan og austan Lónseyrar og Jökulholts (Umhverfisstofnun e.d.).


AÐFERÐIR

Sýnataka

Sýnataka fór fram þann 28. júlí 2015 við Æðey og Kaldalón. Um sýnatöku sáu Böðvar Þórisson og Cristian Gallo frá Náttúrustofu Vestfjarða. Farið var á bátnum Bjargey Ís-41 og var Jón Arnar Gestsson skipstjóri. Athugunarsvæðið var á grunnu vatni, allt innan 20 m dýpis.

Tekin voru sýni á 11 stöðvum, þrjú sýni á stöð, á fyrirhuguðu efnistökusvæði (sjá kort 1). Afmörkun svæðisins fékkst frá VSÓ Ráðgjöf og var sýnatöku haldið innan þess svæðis nema ein stöð var tekin innan við innsta svæðið og er hún hugsuð sem viðmiðunarstöð (stöð J). Hver stöð var hnitsett (tugabrot úr mínútum, þrjú aukastafir) og dýpi hennar mælt (tafla 1).

Notuð var Shipek greip (20 x 17 cm = 340 cm²) sem er öflug og lokast vel þrátt fyrir að skeljar eða kalkþörungar verði á milli. Sýnunum var lýst með tilliti til setgerðar (t.d. kalkþörungar, leir eða sandur) og hvort lífverur eða skeljabrot sáust greinilega (tafla 1). Sýnum var komið fyrir í 4L fötu og þau varðveitt í formalíni (8-10%) og boraxi bætt út í til að sporna við niðurbroti skelja skeldýra. Formalíni var hellt af sýnunum eftir nokkra daga og alkóhól (70%) sett í staðinn. Samkvæmt rannsóknaráætlun Náttúrustofu og tilboði voru tekin sýni af 10 stöðvum.



Kort 1. Staðsetning sýnatökustöðva á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Æðey og Kaldalón. HBA/nave.

Tafla 1. Staðsetning, dýpi og lýsing sýna tekin á stöðvum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Æðey og Kaldalón.

Stöð	Hnit		Dýpi m	Lýsing á vettvangi
A	N66 05.663	V22 37.889	6,0	Kalkpörungar, skeljasandur og ígulker. Gróður.
B	N66 05.856	V22 37.235	19,7	Þéttur grár leir/leðja. Skeljar í sýni 1.
C	N66 05.843	V22 36.031	4,7	Kalkpörungar, steinar, slöngustjörnur, lítil leðja.
D	N66 05.408	V22 35.786	6,0	Skeljamulningur, ein dauð kúskel.
E	N66 05.012	V22 34.409	9,4	Kalkpörungar, grá leðja, slöngustjörnur.
F	N66 04.449	V22 30.725	5,1	Kalkpörungar, steinar, burstaormar, lítið af leðju.
G	N66 03.548	V22 29.956	7,9	Kalkpörungar, sandborin leðja, kúskel, ígulker.
H	N66 02.489	V22 30.510	8,8	Skeljasandur, smá leðja.
I	N66 01.929	V22 29.884	6,0	Kalkpörungar, grjót, sandur, krabbi.
J	N66 00.915	V22 28.093	8,5	Þétt grá leðja, burstaormar.

Úrvinnsla

Öll botnsýni voru sigtuð varlega í rennandi vatni í 500 µm sigti. Allir sjáanlegir þörungar nema kalkpörungar voru greindir eftir bestu getu með þörungalykli. Stærstu dýrin voru tínd úr heildarsýninu en því síðan skipt niður í hæfileg hlutsýni eftir stærð heildarsýnisins og síðan öll dýr tínd úr einu eða fleiri hlutsýnum eftir fjölda dýra. Grófleiki sýna var metinn sjónrænt og má finna þá lýsingu í töflu 2. Dýrin voru flokkuð undir víðsjá, Leica MZ 6 og/eða MZ 12, greind í tegundir eða hópa, eins og kostur gafst, með hjálp greiningarlykla, og talin. Greint var niður í tegundir ef hægt var en stundum var fylkingin látin duga eins og t.d. fyrir ranaorma (Nemertea). Reynt var að styðjast við nýjustu nafngiftir og voru vefsíðan „WoRMS“ <http://www.marinespecies.org/> og handbækur notaðar til þess. Dýrin voru varðveitt í 70% isopropanoli til nánari skoðunar síðar ef ástæða þykir. Sýnin eru skráð í sýnasafn Náttúrustofu Vestfjarða.

Tafla 2. Lýsing yfirborðslags sýna sem tekin voru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Æðey og Kaldalón.

Stöð	Lýsing á rannsóknastofu
A	90% kalkþörungar og sandur $\geq 500 \mu\text{m}$, 10% sandur $\leq 500 \mu\text{m}$
B	30% kalkþörungar - skeljabrot - sandur $\geq 500 \mu\text{m}$, 70% leir $\leq 500\mu\text{m}$
C	70% kalkþörungar - sandur $\geq 500 \mu\text{m}$, 25% steinar $\geq 500 \mu\text{m}$, 5% sandur $\leq 500 \mu\text{m}$
D	90% kalkþörungar og skelja brot - sandur $\geq 500 \mu\text{m}$, 10% fínn sandur $\leq 500 \mu\text{m}$
E	80% kalkþörungar - sandur $\geq 500 \mu\text{m}$, 20% leir $\leq 500 \mu\text{m}$
F	80% kalkþörungar - steinar - sandur $\geq 500 \mu\text{m}$, 20% fínn sandur $\leq 500 \mu\text{m}$
G	80% kalkþörungar - sandur $\geq 500 \mu\text{m}$, 20% fínn sandur $\leq 500 \mu\text{m}$
H	80% kalkþörungar og skelja brot - sandur $\geq 500 \mu\text{m}$, 20% fínn sandur $\leq 500 \mu\text{m}$
I	70% kalkþörungar - sandur $\geq 500 \mu\text{m}$, 10% steinar $\geq 500\mu\text{m}$, 20% fínn sandur $\leq 500 \mu\text{m}$
J	10% sandur og gróður $\geq 500 \mu\text{m}$, 90% leir $\leq 500 \mu\text{m}$

Mat á fjölbreytni og skyldleika

Fjölbreytni botndýrasamfélaga var metin með Shannon-Wiener H' fjölbreytileikastuðli (Grey o.fl. 1992, Brage og Thélín 1993). PRIMER 6 forritið var notað við útreikninga. Í viðauka II má sjá greiningar og meðalfjölda á stöð sem liggja til grundvallar fyrir útreikninga á fjölbreytni og einsleitni. Þráðormar (Nematoda) voru ekki notaðir við útreikninga og sumar tegundir voru sameinaðar í ættkvísl eða ætt.

Shannon-Wiener fjölbreytileika stuðull H' :

$$H' = - \sum_{i=1}^s (p_i) (\log_2 p_i)$$

þar sem s = fjöldi tegunda, p_i = hlutdeild af heildarsýni sem tilheyrir tegund i . Þessi stuðull er mikið notaður við vistfræðirannsóknir og hækkar eftir því sem fjölbreytileiki eykst.

Einsleitnistuðullinn, er nátengdur Shannon-Wiener stuðlinum, en sýnir hvort jafnræði er milli tegunda, eða hvort ein eða fáar tegundir séu sérstaklega áberandi. Stuðullinn lækkar þegar það gerist.

Einsleitnistuðullinn J' :

$$J' = \frac{H'}{H'_{max}}$$

Til að meta skyldleika var notaður PRIMER hugbúnaðurinn. Hann var notaður til að meta vísitölu skyldleika, Bray-Curtis similarity coefficient (Clarke og Warwick 2001). Vísitalan er frá 0-100% og eykst skyldleiki með hærri tölu. Skyldleika á milli einstakra stöðva er síðan hægt að lesa út úr töflu. Gerð var klasagreining en hún raðar líkum stöðvum saman og sýnir skyldleika (%) á milli þeirra myndrænt.

Þar sem ekki var alltaf hægt að greina dýrin til tegunda, eins og lýst var hér að framan, var nauðsynlegt að hópa saman nokkrum flokkunareiningum. Greining og flokkun fyrir útreikninga á fjölbreytileika má finna í viðauka II.

Samanburður við önnur svæði

Til að leggja mat á sérstöðu svæðisins var það borið saman við önnur svæði á Vestfjörðum. Bornir voru saman fjölbreytileikastuðlar þessarar rannsóknar og annarra svæða sem athuguð voru í verkefninu „Lífriki fjarða“ (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012). Þar sem fjölbreytileika stuðullinn í rannsókninni „Lífriki fjarða“ var byggður á ættum eða hærra flokkunarstigi voru greiningar þessarar athugunar lagaðar að því. Nýja aðlagða töflu, sem notuð var til grundvallar útreikninga til þessa samanburðar, má finna í viðauka III. Vegna áhrifa fiskeldis á fjölbreytileika dýralífs voru stöðvar við fiskeldiskvívar ekki teknar með í samanburðinum.

Þar sem aðferðafræði sýnatöku fyrri rannsókna á kalkþörungasvæðum á Vestfjörðum var ekki sambærileg sýnatöku vegna þessarar skýrslu var ekki hægt að gera marktækan samanburð á skyldleika (Bray-Curtis similarity) þessara sýna. Í fyrri rannsóknum var notuð önnur gerð af greip sem er léttari og hugsanlega virkar verr á kalkþörungabotni en sú sem notuð var í þessari rannsókn sem gæti leitt til þess að þau dýr sem lifa undir yfirborðinu náist ekki eins vel í fyrri sýnatöku.

Fjölbreytileikastuðullinn tekur ekki tillit til þess hvaða tegundir finnast á svæðinu. Því var auk þess tekinn saman fjöldi dýra af algengustu eða mest einkennandi tegundum á stöðvum rannsóknarsvæðisins og borinn saman við fjölda dýra á öðrum stöðum. Gögnin sem notuð voru til samanburðar voru fengin úr fyrri rannsóknum Náttúrustofu Vestfjarða.

NIÐURSTÖÐUR

Kalkþörungar voru í yfirborðslagi meirihluta sýnatökustaða eða á 6 stöðvum af 10 (tafla 2). Megin yfirborðslag á tveimur stöðvum var leir (B og J) og á öðrum tveimur brot kalkþörungum og skelja með sandi (D og H). Eins og fram kemur í töflu 2, er með orðinu leir átt við efni <500 µm.


Greiningar á þörungum

Brúnþörungurinn *Dictyosiphon spp.*, líklega bæði *D. foeniculaceus* og *D. chordaria*, fannst á rannsóknarsvæðinu. Mest var af honum á stöð A (89 gr blaut vigt) og stöð C (75 gr) en í minna magni á stöðvum B, G og E. Smár (3 cm langur) beltispari (*Laminaria saccharina*) var fastur á dauðri færiskel á stöð E. Ekki er hægt að útiloka að aðrir smáir þörungar hafi verið til staðar.


Greiningar á botndýralífi

Greiningar á botndýrum má sjá í viðauka I. Fjöldi dýra (á hverri stöð) í töflunni er meðaltal þriggja sýna uppreiknað á fermetra (m²). Sé litið á svæðið sem heild voru liðormar algengasti flokkurinn (mestur fjöldi einstaklinga) en innan þess flokks voru burstaormar með 58 ólíkar tegundir í 25 ættum (mynd 1). Næstir í fjölda voru þráðormar (sem ekki voru greindir til tegundar) og síðan lindýr með 33 tegundir, liðdýr með 16 flokkunareiningar og skrápdýr með 5 flokkunareiningar (mynd 1). Innan lindýra voru fjórir hópar með álíka hlutdeild; samlokur voru

algengastar með 18 teg., kuðungar næstir með 8 teg., hettur og mortur með 6 teg. og nökkvar með 2 teg. (mynd 2).



Mynd 1. Hlutfall dýrahópa (fjöldi einstaklinga) á stöðvum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Æðey og Kaldalón.



Mynd 2. Hlutfall ólíkra hópa lindýra á stöðvum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Æðey og Kaldalón.

Þrjár algengustu tegundirnar á svæðinu voru burstaormarnir *Pholoe spp* (að meðaltali 1.853 einst./m²), *Nereimyra punctata* (meðalt. 707 einst./m²) og *Sphaerosyllis erinaceus* (meðalt. 600 einst./m²). Meyjarhetta (*Tectura virginea*) var næst í fjölda með að meðaltali 448 einst./m² og svo slöngustjarnan *Ophiopholis aculeata* (meðalt. 436 einst./m²). Hópar eins og þráðormar, árfætlur, skelkrabbar og ánar sem ekki voru greindir til tegunda voru líka algengir, hver með að meðaltali meira en 600 einst./m².

Ef stöðvar eru bornar saman sjást greinileg tengsl milli gerðar yfirborðslagsins og ákveðinna dýra sem fundust í sýnunum. Slöngustjarnan *Ophiopholis aculeata* var með fleiri en 1000 einst./m² á stöðvum C, E og G sem voru með kalkþörungum í yfirborðslagi sínu. Hún fannst hinsvegar ekki á stöðvum D, H og J.

Auðnuskel, rataskel og pétursskel voru algengustu samlokurnar á svæðinu. Rataskel var þó eingöngu á stöðvum með mikið af kalkþörungum í yfirborðslagi. Hún var með 480 einst./m² á stöð C, um 200 einst./m² á stöðvum G og E og 78 einst./m² á stöð I. Mikið var af ungum samlokum sem reyndist ógerlegt að greina til tegunda á stöðvum B og J sem eru að mestu með leir (< 500 µm) í yfirborðslagi.

Kuðungar, nökkvar, hettur og motrur fundust nær eingöngu á yfirborðslagi með kalkpörungum. Af þeim var meyarhetta algengasta tegundin á stöð E með 1.578 einst./m² og um 800 einst./m² á stöðvum C og G. Ljósnökki og flekkunökki voru báðir algengir á stöðvum með kalkpörunga í yfirborðslagi. Ljósnökki var í mestum fjölda á stöð A með 2744 einst./m² en flekkunökki á stöð G með 715 einst./m² og 300 einst./m² að meðaltal á þeim 6 stöðvum sem hann fannst.

Af burstaormum fundust 25 ættir. *Pholoe spp* (ætt Pholoidae) fannst á öllum stöðvum með meira en 5000 einst./m² á stöðvum A og J. *Nereymira punctata* (ætt Hesionidae) fannst á öllum stöðvum með kalkpörungum og skeljabrotum. Í sömu ætt fundust nokkrir ungir ormar sem líklega eru af þessari tegund. *Sphaerosyllis erinaceus* (ætt Syllidae) var í mestum fjölda á stöðvum með kalkpörunga í yfirborðslagi. Nokkrar tegundir virðast vera minna vandlátar með yfirborðslag en *Flabelligera affinis*, *Harmothoe spp* og *Sphaerodorum gracilis* fundust nær eingöngu á stöðvum með kalkpörunga í yfirborðslagi.

Kuðungakrabbi var algengur á svæðinu með 88 einst./m² á stöð A, um 70 á stöðvum G og H, og 20 á E, F og I. Að minnsta kosti fimm tegundir marflóa fundust en því miður var mestur hluti þeirra of ungur til að hægt væri að greina þær almennilega.

Ígulker (*Strongylocentrotus spp*) fundust í mestum fjölda á stöðvum G og H en ekki á stöðvum A, B, D og J. Að minnsta kosti ein tegund slöngustjarna af ættkvíslinni *Ophiura* fannst en í 10 sinnum minni fjölda.

Talsverðan fjölda lindýra og krabbadýra var ekki hægt að greina til tegunda svo ekki er hægt að útiloka að um sjaldgæfar tegundir sé um að ræða.

Stöð J sem tekin var utan áætlaðs framkvæmdasvæðis virðist svipa til stöðvar B enda báðar með leðju á yfirborði. Á báðum þessum stöðvum var mikill fjöldi ungra samloka en nær engin hinna þriggja ættkvísla lindýra (kuðungar, nökkvar, hettur og motrur). Á stöðvunum tveimur fundust hvorki kuðungakrabbar né heldur flestar þeirra tegunda sem algengastar voru á svæðum með kalkpörungum.

Fjölbreytileiki og skyldleiki tegunda svæðisins

Niðurstöður útreikninga úr PRIMER má finna í töflu 3. Á svæðinu var mestur fjöldi hópa/tegunda (S) á stöðvum E og F eða 52 flokkunareiningar. Ef frá er talin viðmiðunarstöðin (stöð J), sem var með 47 flokkunareiningar, virðist sem stöðvar með kalkþörungum í yfirborðslagi séu tegundaríkari en aðrar stöðvar. Stöð B sem var með leir í yfirborðslagi var með færstar flokkunareiningar eða 27. Heildarfjöldi dýra var breytilegur milli stöðva. Flestar stöðvanna voru með uppreiknaðan fjölda um 15 þúsund dýr á m² en stöð I var með minnstan fjölda eða um 4000 dýr á m². Einsleitnistuðullinn (J') sýnir tölur milli 0,67 og 0,85. Fjölbreytileika stuðullinn H'(log₂) gefur hugmynd um fjölbreytileika svæðisins. Gildin voru milli 3,35 og 4,66 og hæstu gildin voru á stöðvum E, F og G sem voru stöðvar teknar þar sem kalkþörungur voru meirihluti í yfirborðslagi.


Tafla 3. Fjöldi hópa/tegunda (S), fjöldi einstaklinga (N), einsleitni stuðull (J'), fjölbreytileika stuðull H'(log₂) á stöðvum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Æðey og Kaldalón.

Stöð	S	N	J'	H'(log _e)	H'(log ₂)
A	39	21795	0.70	2.56	3.70
B	27	6664	0.89	2.93	4.23
C	45	15749	0.67	2.57	3.70
D	30	7928	0.68	2.33	3.35
E	52	16719	0.82	3.23	4.66
F	52	8378	0.79	3.12	4.51
G	47	13886	0.78	3.00	4.32
H	32	12368	0.71	2.46	3.55
I	39	4135	0.86	3.13	4.52
J	47	13916	0.63	2.44	3.51

Samanburður á skyldleika tegunda milli stöðva á athugunarsvæðinu sýnir að stöðvar með álíka yfirborðslag flokkast saman (mynd 3). Stöðvar með kalkpörunga í yfirborðslagi (A, C, E, F, G, I) hafa um 50% skyldleika (tafla 4 og mynd 3). Þessar stöðvar sýna hinsvegar einungis 30% skyldleika við stöðvar með skeljabrot (D, H) eða leir (B, J) í yfirborðslagi (tafla 4 og mynd 3).

Tafla 4. Samanburður á skyldleika tegunda (%) milli stöðva á athugunarsvæðinu (Bray-Curtis similarity). Gögn sem notuð voru við útreikningana má finna í viðauka II.

Stöð	A	B	C	D	E	F	G	H	I
A									
B	13								
C	33	10							
D	19	22	13						
E	35	28	41	24					
F	37	27	41	23	51				
G	45	16	43	8	60	50			
H	19	19	19	51	27	29	14		
I	19	19	22	20	28	47	30	29	
J	38	29	16	11	26	30	21	15	20



Mynd 3. Samanburður á skyldleika tegunda (%) milli stöðva á athugunarsvæðinu (Bray-Curtis similarity). Gögn sem notuð voru við útreikningana má finna í viðauka II.

Fjölbreytileiki svæðisins og annarra svæða

Þegar fjölbreytileika stuðlar stöðva þessarar athugunar og stöðva í rannsókninni „Lífriki fjarða“ (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012) eru bornir saman sést að 5 af 8 stöðvum með hæstan fjölbreytileika voru á athugunarsvæði þessarar rannsóknar (tafla 5). Stöðvar þessarar athugunar voru með álíka háan fjölbreytileikastuðul og 20 fjölbreyttustu stöðvarnar í „Lífriki fjarða“ en gerður var samanburður við 55 stöðvar frá þeirri rannsókn. Sé tekið meðaltal á fjölbreytileikastuðli rannsóknarstöðvanna kemur út 3,80.

Tafla 5. Fjöldi ætta (S), einsleitni stuðull (J') og fjölbreytileika stuðull $H'(\log_2)$ fyrir stöðvar þessara rannsókna (stöð A-J) og þeirra 20 stöðva sem voru með hæsta fjölbreytileika stuðulinn í rannsókninni „Lífriki fjarða“ (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012).

Stöð	S	J'	$H'(\log_2)$	Stöð	S	J'	$H'(\log_2)$	Stöð	S	J'	$H'(\log_2)$
E	43	0.83	4.52	66	41	0.75	4.03	46	21	0.84	3.37
4	32	0.88	4.40	56	32	0.76	3.78	13	17	0.82	3.36
2	45	0.79	4.34	26	27	0.78	3.71	63	16	0.84	3.34
F	45	0.79	4.32	29	35	0.71	3.66	32	19	0.78	3.33
I	32	0.84	4.21	49	25	0.78	3.61	H	26	0.70	3.28
5	31	0.85	4.19	C	36	0.69	3.56	D	26	0.69	3.26
G	40	0.78	4.17	43	22	0.78	3.50	J	36	0.63	3.25
B	24	0.90	4.11	A	32	0.70	3.49	64	33	0.64	3.25
34	35	0.80	4.11	1	17	0.85	3.47	62	24	0.71	3.24
35	41	0.75	4.04	58	22	0.77	3.45	33	31	0.65	3.21

Fjöldi einstaklinga þeirra dýra sem voru mest áberandi í þessari rannsókn var borinn saman við fjölda þeirra á öðrum svæðum. Þrjár rannsóknir voru notaðar í samanburðinn: „Lífriki fjarða“ (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012) fyrir svæði í Ísafjarðardjúpi, „Botndýr í Arnarfirði“ fyrir svæði í Arnarfirði (Þorleifur Eiríksson og Hafsteinn H. Gunnarsson 2002) og „Botndýralíf í Hrutafirði“ fyrir svæði í Hrutafirði (Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2004).

Þessar tegundir sem notaðar voru í samanburðinn virðast algengari á svæðum með kalkþörungum á botni. Á öllum þeim stöðvum sem Meyjarhetta (*Tectura virginea*) fannst í þessari athugun var fjöldi hennar meiri en á öðrum svæðum eða 362–1.578 dýr/m² í samanburði við mest 265 dýr/m² við Langanes í Arnarfirði og 155 í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi. Flekkunökkvi (*Tonicella marmorea*) fannst á þremur stöðvum í fjöldanum 313-715 dýr/m² en næst í fjölda hefur hann fundist á kalkþörungasvæði í Hrutafirði þar sem voru 307 dýr/m² og í Hestfirði, 85 dýr/m². Ljósökkvi (*Stenosemus albus*) var í miklu magni á einni stöð með 2.744

dýr/m² en meirihlutinn voru ung dýr. Á annarri stöð í þessari athugun töldust 225 dýr/m² í samanburði við mest 400 dýr/m² á kalkþörungasvæði í Hrótafirði og 360 dýr/m² í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi. Rataskel (*Hiatella arctica*) var með fjöldann 274 og 480 á m² á sitt hvorri stöðinni en mest hefur hún fundist út af Bolungarvík 265 dýr/m² og svo 200 í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi.

Burstaormurinn *Nereymira punctata* var um 3.000 dýr/m² á tveimur stöðvum en áður hafði fundist mest af honum í Mjóafirði eða 2.360 dýr/m². Burstaormurinn *Sphaerodorum gracilis* fannst á fjórum stöðvum með 78-118 dýr/m² en hafði áður verið í mestum fjölda í Hestfirði með 65 dýr/m². Burstaormurinn *Sphaerosyllis erinaceus* fannst á sex stöðvum og fundust 157-2.979 dýr/m² en mesti fjöldi hafði áður verið greindur við Langanes í Arnafirði eða 135 dýr/m². Ekki var hægt að bera svæðið saman við kalkþörungasvæðið í Hrótafirði.

Kuðungakrabbi (*Pagurus bernhardus*) fannst í þessari athugun með 88, 78 og 69 dýr/m² á ólíkum stöðvum en hafði áður fundist í Hrótafirði með 142 og 67 dýr/m².

SAMANTEKT

Kalkþörungasvæðið sem skoðað var í þessari athugun er blanda ólíkra búsvæða með fjölbreytta samsetningu dýra (skyldleiki milli stöðva 30-50%). Sum dýranna virðast bundin við svæði með lifandi kalkþörungum eða kalkþörungabrot í yfirborðslagi og finnast í miklum fjölda í slíkum búsvæðum. Fjölbreytileiki dýra á svæðinu var mikill og á það sérstaklega við um stöðvar teknar innan um kalkþörungum.

Til að leggja mat á sérstöðu svæðisins og verndargildi þess var gerður samanburður við önnur svæði á Vestfjörðum. Fjölbreytileikastuðull svæðisins var hár miðað við önnur svæði í Ísafjarðardjúpi þ.e. þau svæði sem voru til athugunar í rannsókninni „Lífriki fjarða“ (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012).

Óformlegur samanburður við aðrar rannsóknir á kalkþörungasvæðum á Vestfjörðum (Þorleifur Eiríksson og Hafsteinn H. Gunnarsson 2002, Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012) bendir til að svæðin eigi það sameiginlegt að ákveðnar tegundir finnast þar í talsverðum fjölda. Þetta á t.d. við um: slöngustjörnur, ígulker, meyarhettu, nökkva, kuðungakrabba, rataskel og burstaormana *Nereymira punctata*, *Sphaerodorum gracilis* og *Sphaerosyllis erinaceus*. Sum þessara dýra

fundust í meiri mæli á rannsóknasvæðinu en á öðrum kalkpörungasvæðum sem finnast í gagnagrunni Náttúrustofunnar.

Bein áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið felast í beinu raski á sjávarbotni, gruggmyndun og áhrifum á botndýralíf. Við það að fjarlægja yfirborðslag kalkpörungasettsins er búsvæði fjarlægt (Newell o.fl. 1998, Hall-Spencer o.fl. 2010). Byggt á fyrri rannsóknum er líklegt að kalkpörungavinnsla muni hafa áhrif á þær tegundir sem bundnar eru slíkum búsvæðum og óvíst að þeim takist að nema röskuð svæði. Svæðið sem búið er að vinna mun til að byrja með hýsa talsvert ólíkt botndýrsamfélag sem er líklegt til að samstanda af tækifærissinnuðum (opportunistic) tegundum sem eiga auðvelt með að aðlaga sig að röskuðu umhverfi (Newell o.fl. 1998). Erfitt er að spá fyrir um nákvæma framvindu svæðisins og hvort einhvern tíma eftir námuvinnslu hefur verið lokið muni álíka búsvæði ná að myndast.

Kalkpörungar eru viðkvæmir fyrir auknu gruggi sem myndast við dælingu þar sem sviflausnin hindrar að ljós berist til þeirra og hefur áhrif á ljóstillifun og drepur þá (Jones o.fl. 2000, Wilson o.fl. 2004). Dæling á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er áætluð 4-6 vikur á ári svo áhrifin eru háð magni gruggsins og hve mikið það mun dreifast. Meirihluti gruggsins er talinn falla til botns innan nokkuð hundruð metra frá dælingarstað (Newell o.fl. 1998). Mælingar sem gerðar voru í Arnarfirði bentu til að megnið af grugginu, ekki síst grófasti hlutinn, hafi náð botni innan 50 metra frá dælingarstað (Íslenska Kalkpörungafélagið ehf. 2002). Ákveðnar tegundir munu verða fyrir meiri áhrifum og ræðst það m.a. af getu einstakra tegunda til að ná upp fyrir setlagið sem aftur er háð þykkt og þéttleika lagsins (Newell o.fl. 1998).

Á þeim svæðum sem eru í nálægð við dæluskipið má búast við skammtíma áhrifum vegna gruggs, langtíma áhrif gruggs velta á því hve staðbundin útbreiðsla þess verður. Hægt er að gera ráð fyrir einhverjum breytingum á samfélögum þar sem tegundir sem eru viðkvæmar fyrir gruggi hverfa. Áhrif fínasta hluta gruggsins munu líklega verða lítil.

Lífríki í nágrenni kalkpörungasvæðisins er án efa tengt bæði lifandi kalkpörungum og kalkpörungasetinu og því lífríki sem þar þrífst.

Ungfiskar tegunda eins og þorsks og ufsa sækja fæðu til kalkpörungasvæða (Kamenos og fl. 2004a) en erlendar rannsóknir benda til að svæðin séu auk þess mögulegt uppeldissvæði

ýmissa samlokutegunda sem nýttar eru af manningum eins og ættkvíslar diska sem hörpudiskur telst til (Hall-Spencer og fl. 2003, Kamenos og fl. 2004b). Í þeirri athugun sem hér var gerð fannst talsvert af samlokum sem greindar voru sem flekkudiskur (*Palliolum tigrinum*) en vegna þess hve smáar/ungar skeljarnar voru var ekki full víska með greininguna (cf) og því er ekki hægt að útiloka að þetta kalkþörungasvæði geti verið uppeldis svæði fyrir hörpudisk.

Jafnvel þó sjógönguseiði laxa dvelji ekki lengi á strandsvæðum þá er þekkt að bæði seiði og fullorðnir urriðar og bleikjur dvelji á strandsvæðum við fæðunám og til að forðast afrán (Klemetsen og fl. 2003, Moore og fl. 2014, Eldøy og fl. 2015). Nýting þeirra á kalkþörungasvæðum til fæðunáms eða afránsvarnar hefur þó ekki verið rannsökuð sérstaklega.

